

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Rafveitu Akraness, nr. 119 15. júlí 1960.

III. kafli gjaldskrárinnar orðist svo:

TENGIGJÖLD (HEIMTAUGAGJÖLD)

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða tengigjald sem hér segir:

1. Tengigjöld miðuð við flutningsgetu heimtauga.

Gjaldskrár- liður nr.	Málstraumur stofnvara		Flutningsgeta miðuð við stærð stofnvara	Tengigjald
	í 3×220 v kerfi amp.	í 3×380 v kerfi amp.		jarðstrengs allt að 15 m eða loft- lína allt að 30 m skv. jöfnu $1200 + 120 \times \text{kVA}$ kr.
1.1	2×60	1×60	13	2 760.00
1.2	3×60	2×60	22	2 840.00
1.3	3×100	3×60	38	5 760.00
1.4			66	9 120.00
1.5	3×200		76	10 320.00
1.6	3×350	3×200	132	17 040.00
1.7		3×350	231	28 920.00

Fyrir aðrar stærðir stofnvara en hér eru taldar, skal reikna tengigjald eftir sömu jöfnu og að ofan.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytta greiðfæra leið að varkassa.

Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metrana, þannig: $Y_j = (240 + 3 \times \text{kVA})$ kr/m.

Yfirlengdargjald loftlína reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metrana, þannig: $Y_l = (40 + 2 \times \text{kVA})$ kr/m, að viðbættum 2000 kr. á hvern stólpa í umfram-línu.

2. Tengigjöld miðuð við stærðir spenna.

Gjaldskrár- liður nr.	Stærð spennis kVA	Tengigjald	Gjaldskrár- liður nr.	Stærð spennis kVA	Tengigjald
		skv. jöfnu $1200 + 120 \times \text{kVA}$			skv. jöfnu $1200 + 120 \times \text{kVA}$
2.1	150	19 200.00	2.3	500	61 200.00
2.2	300	37 200.00	2.4	750	91 200.00

Fyrir aðrar tegundir spenna en hér eru taldar, skal reikna tengigjaldið á sama hátt.

Tengigjald skal reikna eftir þessum gjaldskrárlið, þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi þá leggja til lóð eða húsnaði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnaðið skal fullnægja að öllu leyti

settum skilyrðum um gerð spennistöðvahúsa. Kostnaður notandans við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi skv. þessari gjaldskrá, þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald eftir kostnaði, skv. reikningi rafveitunnar.

Tengigjald fellur í gjalddaga, þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnuáráðuneytið, 12. febrúar 1965.

Gunnar Thoroddsen.

Dorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um breyting á bráðabirgðareglugerð nr. 187 20. ágúst 1964, um greiðslu launaskatts, þegar um er að ræða ákvæðisvinnu og verktakasamninga.

Aftan við 2. mgr. 1. gr. bætist:

Þó skal launaskattur vegna launa sjálfseignarvörubifreiðarstjóra lagður á þá, sem greiða fyrir afnot bifreiðarinnar.

Reglugerðarbreyting þessi er sett samkvæmt lögum nr. 53 30. júní 1964, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. febrúar 1965.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

AUGLÝSING

um laun og yfirvinnugreiðslur ríkisstjórnarinnar.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Kjararáð f. h. Bandalags starfsmanna ríkis og bæja gerðu, með vísun til ákv. 7. gr. laga nr. 55/1962, þ. 28. f. m. með sér eftirfarandi samning um breytingar á launum ríkisstarfsmanna:

- „1. Laun starfsmanna ríkisins hækka um 6.6% frá 1. október 1964. Þó skal yfirvinnukaup og vaktaálag haldast óbreytt fram til 1. janúar 1965.
2. Frá 1. janúar 1965 lækkar eftirvinnuálag úr 60% í 50%, þ. e. kaup fyrir eftirvinnu verður óbreytt að fjárhæð.
3. Um verðlagsuppbót á laun fer samkvæmt lögum.“